

165. fundur bæjarráðs

165. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn fimmtudaginn 9. janúar 2014 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt: Eypór Arnalds, formaður, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi, S-lista, Helgi Sigurður Haraldsson, áheyrnarfulltrúi, B-lista, Þórdís Eygló Sigurðardóttir, áheyrnarfulltrúi, V-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

Fundargerðir til staðfestingar	
1.	1301007 – Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar
	67. fundur haldinn 17. desember
	Fundargerðin staðfest.
2.	1301010 – Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 2013
	42. fundur haldinn 17. desember
	-liður 12, 1307083, tillaga að deiliskipulagi í landi Holts. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt.
	-liður 13, 1312089, deiliskipulagstillaga að fráveituhreinsistöð. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst.
	Fundargerðin staðfest.
Fundargerðir til kynningar	
3.	1301437 – Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

	811. fundur haldinn 13. desember
	Fundargerðin lögð fram.
4.	1302226 – Fundargerð fagráðs Brunavarna Árnassýslu
	5. fundur haldinn 18. desember
	Fundargerðin lögð fram.
5.	1302051 – Fundargerð hverfisráðs Selfoss
	15. fundur haldinn 10. desember
	-liður 2, staðsetning jólatorgsins á Selfossi. Bæjarráð vísar ábendingunum til menningar- og forvarnafulltrúa til skoðunar.
	-liður 3, húsnæðisvandi í sveitarfélaginu, 80 íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs eru auðar. Bæjarráð hefur ítrekað beint þeim tilmælum til Íbúðalánasjóðs að koma íbúðum í útleigu og sölu.
	-liður 4, kattasamþykkt, samþykkt um kattahald var endurskoðuð fyrr á kjörtímabilinu. Bæjarráð felur framkvæmdastjóra að svara þessum lið.
	Fundargerðin lögð fram.
6.	1301198 – Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands
	159. fundur haldinn 19. desember
	Fundargerðin lögð fram.
7.	1301266 – Fundargerð stjórnar SASS
	475. fundur haldinn 16. desember
	Fundargerðin lögð fram.
8.	1301058 – Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands
	232. fundur haldinn 11. desember

	Fundargerðin lögð fram.
Almenn afgreiðslumál	
9.	1305058 – Yfirlit frá Íbúðalánasjóði yfir stöðu mála varðandi íbúðir Íbúðalánasjóðs í Árborg
	Forstjóri Íbúðalánasjóðs, Sigurður Erlingsson, kom inn á fundinn ásamt starfsmönnum eignasviðs, Ágústi Kr. Björnssyni og Maríu Ingvarsdóttur. Bæjarráð lýsti yfir áhyggjum af því að ekki hafi tekist að selja íbúðir. Forsvarsmenn Íbúðalánasjóðs lýstu því yfir að stefnt væri að því að selja allar íbúðir í Árborg á árinu.
10.	1304084 – Rekstraryfirlit – 10 mánaða yfirlit árið 2013
	Yfirlitið lagt fram til kynningar.
11.	1112102 – Fyrirspurn um stöðu mála varðandi menningarsalinn í Hótel Selfossi vegna 60 ára afmælis Tónlistarskóla Árnesinga 2015
	Bæjarráð tekur jákvætt í að koma að afmælistónleikum Tónlistarskóla Árnesinga. Helgi S. Haraldsson vék af fundi.
12.	1401004 – Endurskoðun innkaupareglna
	Bæjarráð felur framkvæmdastjóra að vinna drög að nýjum innkaupareglum.
13.	1010142 – Samkomulag vegna Hagalands
	Málinu er frestað til næsta fundar.
14.	1311086 – Kaup á landi vegna hreinsistöðvar fráveitu

	Bæjarráð felur framkvæmdastjóra að vinna að kaupum á landi vegna hreinsistöðvar.
15.	1401022 – Þjónustusamningur við Íþróttafélag FSu
	Málinu er frestað til næsta fundar.
16.	1401023 – Hlutverk og skilgreining Selfossflugvallar til framtíðar
	Bæjarráð samþykkir að fá fulltrúa Flugklúbbs Selfoss á fund til að ræða hlutverk Selfossflugvallar.
17.	1401024 – Undirbúningur að byggingu búseturúræðis fyrir fatlaða
	Málinu er frestað til næsta fundar.
Erindi til kynningar	
18.	1301154 – Málefni hjúkrunarheimila, svarbréf velferðarráðuneytis við erindi bæjarráðs
	Málinu er frestað til næstsa fundar.
19.	1312049 – Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs verndun umhverfis og heilsu, EES-reglur
	Málinu er frestað til næsta fundar.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 10:35.

Eypór Arnalds
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Helgi Sigurður Haraldsson

Pórdís Eygló Sigurðardóttir
Ásta Stefánsdóttir